

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/318
komudagur 27. 11. 2009



Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 27. nóvember 2009

Efni: Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Læknafélag Íslands þakkar fyrir að fá frumvarp þetta til umsagnar. Þetta er í fimmta sinn á sl. 11 árum sem félagið fær frumvarpið til umfjöllunar. Eins og í fyrri umsögnum leggur félagið ríka áherslu á mikilvægi þess að læknaög kveða skýrt á um ábyrgð læknis, skyldur hans, sérstöðu og réttindi. Þessi áhersla er enn mikilvægari en áður í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú eiga sér stað í þjóðfélaginu. Í frumvarpinu er ekki undirstrikuð sérstaða lækna og sérstök ábyrgð þeirra í meðferð sjúklinga. Í ljósi þess að almennt séð hafa læknar mesta menntun heilbrigðisstétta hlýtur þó slík sérstaða og ábyrgð að vera eðlileg.

Í umsögn félagsins 1998 sagði m.a.:

Í gildandi læknaögum kemur sérstaða læknis, skyldur hans, ábyrgð og réttindi greinilega fram. ... Frumvarpið rýrir möguleika lækna til að mæla fyrir um og skipuleggja bestu meðferð fyrir sjúklinga. Samkvæmt frumvarpinu dreifist ábyrgð á meðferð sjúklinga á allar heilbrigðisstéttir og verður óskýr. Stjórn LÍ telur því að ekki beri að leggja það fram.


Í umsögn félagsins 2002 sagði m.a.:

Læknaög hafa sannað gagn sitt frá því þau voru sett fyrir rúmri hálfri öld. ... Lögin hafa komið almenningi, heilbrigðisstjórninni og læknum vel. Þau hafa markað læknum sérstöðu, sem er nauðsynleg þeim til að hafa forystu um greiningu og meðferð sjúkdómanna eins og til er ætlast. ...

Sýnist ráðuneytinu stefna í óefni með fjölda löggiltra heilbrigðisstétta, má benda á, að einn lagabálkur fyrir alla heilbrigðisstarfsmenn er ólíklegur til að draga úr vanda ráðuneytisins í þeim efnum. Hitt er mun líklegra að stíflur bresti vegna löggildingar heilbrigðisstarfsmanna, þannig að vandinn muni frekar aukast en minnka.

Stjórn Læknafélags Íslands hefur ekki skipt um skoðun frá fyrri umsögnum. Þvert á móti hefur félagið styrkst í þeirri trú að varhugavert sé út frá hagsmunum sjúklinga að fella sérstök lög um lækna úr gildi.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands



Birna Jónsdóttir, formaður